

## Heiti verkefnis

„Hver vegur að heiman er vegurinn heim“ – umsókn 3262

## Umsækjandi

SSV

## Stutt ágríp af verkefnislýsingu

Verkefnið snýst um að draga fram og miðla tækifærunum og aðráttarafl Dalabyggðar, með það að markmiði að efla byggðarlagið, styðja við búsetu og draga fram aðráttarafl svæðisins. Þetta væri gert með fjölbreyttum aðferðum, til að ná til bæði ungs fólks og fullorðinna íbúa. Byggðafesta stendur og fellur með núverandi íbúum og mikilvægt er að efla tengsl íbúa við svæðið þar sem þeir búa. Mikilvægt er að halda í og trekkja að mannafla til að vinna fjölbreytt framtíðarstörf í sveitarfélaginu. Verður það gert með aðgerðum sem snúa að börnum, ungu fólki og fullorðnum íbúum.

### *Aðgerðir*

Þróuð yrði kennsla í **átthagafræði** í Auðarskóla, sem er sameiginlegur grunnskóli allra barna í Dalabyggð. Kennslan yrði prufukeyrð veturinn 2025-2026. Þá yrðu einnig haldin frumkvöðlanámskeið fyrir börn á grunnskólaaldri.

Skipulagðar yrðu fjölbreyttar **starfskynningar** fyrir börn og ungmenni undir yfirskriftinni „Draumastarfið“. Töluvert er um ný frumkvöðlaverkefni með tilkomu DalaAuðs. Þá hafa möguleikar aukist með störfum án staðsetningar. Ungmenni og börn fá í gegnum starfskynningarnar að kynnast frumkvöðlum og áhugaverðum störfum í Dalabyggð á ýmsum sviðum.

Búið væri til **tengslanet við ungmenni** sem flytja burt, til þess að sækja sér menntun og/eða starfsreynslu, í anda Nordfjordakademiet í Noregi. Komið væri á tengslum við Nordfjordakademiet og lært af þeirra reynslu sem virðist vera góð. Skoðað væri með hvaða hætti væri hægt að fara að þeirra fordæmi í Dalabyggð og unnið að því að þróa pilot útgáfu af sambærilegu verkefni þar, sem önnur sveitarfélög geta mögulega nýtt sér. Samhliða þessu væru auglýst ný störf, lóðaframboð og önnur tækifæri í Dalabyggð, sem höfðað gætu til ungs fólks.

Unnið væri að vönduðu **margmiðlunarefni** á íslensku um Dalina og kosti samfélagsins. Það er að byggjast upp grunnur að markaðsefni um Dalina fyrir erlenda ferðamenn í gegnum önnur verkefni - en hér væri áherslan á samfélagið, söguna, atvinnulífið og yrði efnið á íslensku. Með efninu er verið að auka aðráttarafl og höfða til núverandi og nýrra íbúa.

Haldin yrði metnaðarfull og vönduð **fræðsluröð** fyrir aðra íbúa Dalabyggðar, með það að markmiði að auka þekkingu íbúa á svæðinu og gera þá betur í stakk búna að miðla henni. Um væri að ræða átthagafræðslu þar sem íbúar kynnast menningarsögu og náttúru Dalanna. Með þessu væru íbúar og ekki síður ferðapjónustuaðilar, betur í stakk búnir að miðla þekkingu um sitt heimasvæði.

### *Verkstjórn og ut anumhald*

SSV og Dalabyggð myndu stofna starfshóp í kringum verkefnið. Verkefnisstjórn yrði í höndum SSV. Verkefnisstjórn myndi veita faglega ráðgjöf varðandi efnistöð fræðslu og margmiðlunarefnis. Verkefnisstjóri myndi sjá um að sjá um að ganga til samninga vegna útseldrar vinnu.

Ráðinn yrði sumarstarfsmaður sumarið 2025 sem myndi safna upplýsingum, koma á tengingum og sjá um að kortleggja þörf á efni, fræðslu og upplýsingum fyrir ungt fólk. Starfsmaðurinn myndi kynna sér Nordfjordakademiet og innleiða sambærilegt verkefni í Dalabyggð. Stefnt væri að því að starfsmaðurinn myndi vinna í Dalabyggð og hefði afnot af Nýsköpunarsetri Dalabyggðar. Í samstarfi við vinnuskólann yrði unnið að starfskynningum fyrir ungmenni.

Auðarskóli myndi halda utan um áttthagafræðslu og með aðstoð starfsmanns og bjóða upp á frumkvöðlanámskeið fyrir grunnskólabörn.

### **Tilgangur og markmið**

Tilgangurinn er að efla búsetu í Dalabyggð þar sem verið hefur viðvarandi fólksfækkun. Þá er tilgangurinn að fanga tækifærin og miðla staðaranda og þannig auka aðdráttarafl svæðisins.

*Markmið 1. Að efla tiltrú á samfélagið með því að halda á lofti því sem einkennir það.*

*Markmið 2. Að efla trú á framtíðarhorfur, með því að benda á tækifærin innan samfélagsins*

*Markmið 3. Að auka aðdráttarafl Dalanna*

### **Væntanlegur árangur og áhrif verkefnisins**

Árangur verkefnisins væri minni brottflutningur og meiri byggðafesta, efling mannauðs sem skilar sér í auknum atvinnutækifærum í heimabyggð.

Hér er bæði verið að horfa á skammtíma- og langtímaáhrif.

Skammtímaáhrifin væru:

- Valdefling barna í gegnum frumkvöðlanámskeið
- Valdefling annarra íbúa í gegnum fræðsluröð.
- Faglegt og áhugavert sumarstarf í Dalabyggð
- Samantekt og miðlun á vönduðu efni um Dalina sem stuðlar að auknum sýnileika og þekkingu um svæðið.

Lagtímaáhrifin væru:

- Betri tiltrú og tenging íbúa við samfélagið, frá grunnskóla aldri og upp úr.
- Minni brottflutningur ungs fólks.
- Tiltrú á samfélagið og tækifærin innan þess
- Meiri mannaflí til að auka tækifærin til framtíðar
- Meira aðdráttarafl svæðisins.